



## Kæru dróttskátar og dróttskátaforingjar,

Við í mótstjórn dróttskátamótsins erum að skipuleggja mjög spennandi mót sem verður haldið 3.-7. ágúst (miðvikudag-sunnudag) að Hömrum, Akureyri.

Þema mótsins er Nýtt upphaf. Skátarnir þurfa að byggja upp nýtt samfélag eftir nýyfirastaðinn heimsfaraldur. Fyrir mótið þurfa allir skátar að skrá sig í flokk, þegar skráningu lýkur verður sent út skráningarblað til þess. Ætlast er til þess að í hverjum flokki séu 4-6 skátar. Flokkarnir afla gjaldeyris sem er nauðsynlegur til að kaupa þjónustu og nauðsynjar.

Gott er að foringjar noti tímann og hjálpi skátunum að undirbúa sig fyrir mótið, til dæmis með eftirfarandi verkefnum.

- Kunna fánahnút og fánaathöfn
- Starfa í flokkum
  - hafa flokksforingja (það eru ekki öll félög sem eru með þetta)
- Kunna að súrra
- Æfa útieldun og meðferð gass og prímusa og annara eldunartækja
- Kunna að nota kort og áttavita (gps)

Mótið byggir að miklu leiti á útiveru og er nánast öll dagskrá utan dyra. Fjórir flokkar deila eldunaraðstöðu sem mótið leggur til. Flokkarnir þurfa sjálfir að leggja til svefntjöld.

### Fróðleikshornið

1. Matur - Á mótinu verður matarúthlutun, hvert þorp deilir eldunaraðstöðu og fær úthlutaðan mat, gegn framvísun gjaldmiðils mótsins.
2. Flokkun - Á Hömrum er allt sorp flokkað. Ætlast er til þess að skátar fylgi þeim reglum sem Hamrar og Akureyrarbær setja um flokkun úrgangs.